

140. fundur skráningaráðs haldinn 8. maí 2024 kl. 9:00-10:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir (fundarritari), Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sat fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis

1. Fundargerð 139. fundar lesin upp og samþykkt.

Athugasemdir vegna fundargerðar:

Rætt um skemmri skráningu þar sem KL greindi frá því að starfsmenn bókasafna grunnskóla (flestir án skráningarheimildar) hafi haft samband við Landsbókasafn og Landskerfi vegna villa í skemmri skráningum. Landskerfi leitar enn leiða til að auðvelda söfnum án skrásetjara að setja inn skemmri skráningu. Fundarmenn voru sammála um að taka málið upp á fræðslufundi skrásetjara þar sem lögð verði áhersla á að Gegnir sé sameiginlegt kerfi og samvinna mikilvæg þar sem allir skrásetjarar skrá í kerfið og allir með skráningarheimild skulu fullskrá skemmri skráðar færslur séu þeir að tengja við þær eintök.

2. Fræðslufundurinn

Drög að dagskrá skoðuð og tími settur niður.

Landskerfi bókasafna sér um veitingarnar á fundinum.

Landsbókasafn (SF) mun sjá um að streyma teamsfundi.

3. Önnur mál

KL sagði frá vandræðum með að ná inn \$\$h í forðafærslu fyrir staðsetningu /flokkstölu. Svið 082 þarf að fylla út í bókfræðifærslu til að \$\$h birtist í forðafærslu. Það er í skoðun hjá Landskerfi bókasafna hvort hægt sé að breyta kerfislega uppsetningunni svo að þeir aðilar sem tengja efni lendi ekki í vandræðum ef \$\$h kemur ekki upp.

SV spurði hvort megi hafa nafn gefanda í innri athugasemd og hvort hægt sé að útbúa lista. Varðandi gjafir þá útbýr Landsbókasafn sjóði í kerfinu fyrir gefendur. Amtsbókasafnið og Borgarbókasafnið gera engar athugasemdir varðandi gefanda, en niðurstaðan var sú að það væri í lagi og hægt að útbúa lista ef þarf.

Óformleg samskipti vegna fræðslufundarins verða í gegnum Teams.

Næsti fundur skráningarráðs var ekki ákveðinn.